




Skjalavarsla og skjalastjórn prestakalla

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2021





ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skjalavarsla og skjalastjórn prestakalla

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2021

Ritstjórn:

Njörður Sigurðsson

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa / Þjóðskjalasafn Íslands

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegi 162

105 Reykjavík

590 3300

upplýsingar@skjalasafn.is

www.skjalasafn.is

© Október 2021 Þjóðskjalasafn Íslands

ISSN 2735-8488

Skjalavarsla og skjalastjórn prestakalla

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2021



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Formáli Þjóðskjalavarðar	3
1. Inngangur.....	4
1.1 Um könnunina.....	4
1.2 Skipulag könnunarinnar	5
1.3 Framkvæmd og þátttaka.....	5
1.4 Svörun og úrvinnsla.....	5
2. Meginniðurstöður.....	6
2.1 Efla þarf skráningu og ut anumhald erinda.....	6
2.2 Gera þarf átak í varðveislu rafrænna gagna	6
2.3 Afhenda þarf eldri pappírsskjöl til varðveislu á Þjóðskjalasafn	6
2.4. Kallað er eftir leiðbeiningum og ráðgjöf Þjóðskjalasafns	6
2.5 Varðveisla tölvupósts er verulega ábótavant	7
3. Úrvinnsla og niðurstöður.....	8
3.1 Upplýsingar um prestakall	8
3.2 Skjalavarsla og skjalastjórn	10
3.3 Rafræn skjalavarsla	12
3.4 Skjalaflokkar og skjöl í vörslu prestakalls.....	14
3.5 Varðveisla og grisjun.....	15
3.6 Afhendingar pappírskjala til Þjóðskjalasafns Íslands.....	17
3.7 Reglur og leiðbeiningar	22
Viðaukar.....	24
Viðauki 1 – Spurningalisti Þjóðskjalasafns um skjalasöfn prestakalla.....	24
Viðauki 2 – Bréf til prestakalla	30
Viðauki 3 – Listi yfir þau prestaköll sem könnunin náði yfir.....	34

Formáli Þjóðskjalavardar

Með þessari könnun á skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla er í fyrsta sinn gerð athugun á skjalahaldi þeirra á vegum Þjóðskjalasafns Íslands. Markmiðið er að stuðla að úrbótum og bæta skjalahald prestakallanna. Mikilvægt er að skjalavarsla og skjalastjórn prestakalla uppfylli lög og reglur til að tryggja varðveislu og aðgengi að mikilvægum upplýsingum.

Kirkjan hefur verið samofin lífinu í landinu um aldir og hjá kirkjunni hafa mikilvægir gagnaflokkar orðið til, sem eru heimildir um lífið á Íslandi. Auk þess að vera beinar heimildir um trúarlíf þjóðarinnar, eru í skjalasöfnum kirkjunnar upplýsingar um mannfjölda, jarðir, menningu og menntun.

Starfsfólk á skjala- og upplýsingasviði Þjóðskjalasafns sáu um undirbúning og alla úrvinnslu eftirlitskönnunarinnar. Heiðar Lind Hansson, skjalavörður, hafði umsjón með könnuninni, vann tölulegar niðurstöður hennar og texta. Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri, braut um skýrsluna. Árni Jóhannsson, skjalavörður, Kristjana Kristinsdóttir, fagstjóri og Margrét Gunnarsdóttir, skjalavörður, lásu skýrsluna yfir í drögum. Er þeim öllum þakkað gott verk.

Reykjavík, 17. september 2021

Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður

1. Inngangur

1.1 Um könnunina

Markmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og gögn um sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Lögin mynda ramma um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga. Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa það hlutverk að framfylgja ofangreindum lögum með því að taka til varðveislu skjöl afhendingarskyldra aðila og veita almenningi, fræðimönnum og stjórnvöldum aðgang að þeim.

Eitt mikilvægasta stjórnsýsluhlutverk opinberra skjalasafna er að hafa eftirlit með því hvernig afhendingarskyldir aðilar framfylgja lögum um opinber skjalasöfn, reglugerðum sem ráðherra setur og reglum sem Þjóðskjalasafn setur á grundvelli þeirra. Samkvæmt fyrrnefndum lögum er það hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands að vera framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar. Þjóðskjalasafn er þannig sett yfir málaflokkinn með það hlutverk að setja reglur fyrir allt landið og fylgja þeim eftir með eftirliti og leiðbeiningum til þeirra aðila sem afhenda því gögn sín. Í því skyni hefur Þjóðskjalasafn m.a. staðið fyrir fræðslu, veitt ráðgjöf og gefið út leiðbeiningar um ýmsa þætti skjalavörslu og skjalastjórnar.

Meðal þeirra skjalasafna sem Þjóðskjalasafn varðveitir eru skjalasöfn frá þjóðkirkjunni og prestaköllum en samkvæmt 3. tölul. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn er þjóðkirkjan afhendingarskyldur aðili. Skjalasöfn prestakalla eru mikilvægar heimildir um starfsemi kirkjunnar, íbúa og byggð í landinu í gegnum aldirnar. Til þess að tryggja betur varðveislu mikilvægra heimilda um starfsemi prestakalla óskaði Þjóðskjalasafn eftir samstarfi við Biskupsstofu fyrir hönd þjóðkirkjunnar um skjalasöfn prestakalla í árslok 2019. Markmiðið var að afurð slíks samstarfs yrðu sérstakar og handhægar leiðbeiningar um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla. Takmark leiðbeininganna var m.a. að veita upplýsingar um hvernig haga skyldi skjalahaldi og hvernig afhenda ætti skjöl til langtíma varðveislu til Þjóðskjalasafns. Þá var markmið samstarfsins einnig að skilgreina hvaða gögn teldust vera hluti af skjalasafni prestakalla og hvernig meðferð þeirra skyldi háttað.

Í árslok 2020 var ákveðið að framkvæma spurningakönnun til að afla upplýsinga um stöðu skjalavörslu og skjalastjórnar hjá prestaköllum. Tilgangurinn var að nýta þær upplýsingar til grundvallar útgáfu leiðbeininga um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla. Könnunin fór fram í janúar og febrúar 2021 og í þessari skýrslu er að finna niðurstöður hennar.

1.2 Skipulag könnunarinnar

Könnunin var sett fram í átta liðum og innihélt samtals 39 spurningar. Sumar spurningarnar birtust þó ekki þátttakendum nema önnur svör kölluðu á það að spurningu yrði svarað. Könnuninni var skipt upp í eftirfarandi hluta:

1. Upplýsingar um prestakall
2. Skjalavarsla og skjalastjórn
3. Rafræn skjalavarsla
4. Skjalaflokkar og skjöl í vörslu prestakalls
5. Varðveisla og grísjun skjala
6. Afhending pappírsskjala til Þjóðskjalasafns Íslands
7. Reglur og leiðbeiningar
8. Um könnunina

1.3 Framkvæmd og þátttaka

Við gerð könnunarinnar voru hafðar til hliðsjónar kannanir sem Þjóðskjalasafn framkvæmdi árin 2004, 2012, 2016 og 2020 á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins. Spurningar voru þó töluvert færri en í þessum könnunum sökum umfangslíttillar starfsemi prestakalla.

Spurningalistar voru sendir til allra prestakalla skv. starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007. Einnig var stuðst við póstlista prestakalla sem Biskupsstofa sendi Þjóðskjalasafni vegna undirbúnings könnunar.

Þann 7. janúar 2021 var sóknarprestum sent tölvubréf þar sem samstarfsverkefnið var kynnt og voru þeir jafnframt upplýstir um að von væri á könnun Þjóðskjalasafns Íslands. Í bréfinu var tilgangur og markmið könnunarinnar einnig skýrður.

Könnunin fór fram í gegnum könnunarkerfi á vefnum sem Þjóðskjalasafn hefur aðgang að. Þann 13. janúar 2021 var hlekkur á könnunina sendur til sóknarpresta með tölvupósti og svarfrestur gefinn til 27. janúar. Þeir aðilar sem ekki höfðu svarað fyrir þann tíma fengu ítrekun og var þeim gefin frestur til 3. febrúar.

Könnunin var send til sóknarpresta þar sem þeir bera ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn í prestakalli skv. 2. mgr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn. Sá skilningur byggir á ákvæðum 1. og 2. mgr. 9. gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011 með síðari breytingum þar sem m.a. er kveðið á um að sóknarprestur sé í fyrirsvari um kirkjulegt starf í sóknum prestakallsins og hafi forystu um mótun þess og skipulag og beri jafnframt ábyrgð á færslu embættisbóka prestakallsins og skil á skýrslum til biskupsstofu og Þjóðskrár. Það var því á þeirra ábyrgð að svara könnuninni, hvort sem þeir myndu gera það sjálfir eða fælu öðrum starfsmanni það.

1.4 Svörun og úrvinnsla

Könnunin var send til 71 prestakalls og bárust svör frá 48 þeirra. Við úrvinnslu svara kom þó í ljós að svör bárust úr prestakalli sem hafði verið sameinað öðru prestakalli. Ákveðið var að láta þau svör falla niður þar sem svör bárust úr hinu nýja og sameinaða prestakalli. Svörin voru því 47 frá 70 prestaköllum og svarhlutfall því 67%. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um viðhorfskönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu eftirlitshlutverki Þjóðskjalasafns Íslands og því er búist við af hálfu Þjóðskjalasafns að allir afhendingarskyldir aðilar sem fá senda könnun svari henni.

2. Meginniðurstöður

Í 3. kafla er gerð grein fyrir úrvinnslu og greiningu einstakra spurninga. Svör könnunarinnar eru vistuð hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Þau mynda upplýsingagrundvöll til að auka ráðgjöf og leiðbeiningar til prestakalla. Hér verða raktar meginniðurstöður könnunarinnar

2.1 Efla þarf skráningu og utanumhald erinda

Samkvæmt 23. gr. laga um opinber skjalasöfn er afhendingarskyldum aðilum skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur. Reglur nr. 85/2018 um skráningu mála og málgagna kveða svo nánar á um skráninguna. Í könnuninni svöruðu 33 prestaköll, eða 70%, að erindi sem bærust prestakallinu væru ekki skráð. Því þarf að efla skráningu erinda verulega. Mikilvægt er að Þjóðskjalasafn geri þessu atriði góð skil í ráðgjöf og leiðbeiningum til prestakalla.

2.2 Gera þarf átak í varðveislu rafrænna gagna

Gera þarf sérstakt átak í varðveislu rafrænna gagna í skjalasöfnum prestakalla. Fram kemur í könnuninni að 28 prestaköll, eða 60%, mynda, viðhalda og taka á móti rafrænum gögnum. Hlutfallið er þó örugglega töluvert hærra í reynd því notkun á tölvum og vinnsla á upplýsingum í þeim er kjarninn í nútíma skrifstofuhaldi. Þá sögðu 34 prestaköll, eða 72%, ekki prenta rafræn gögn út til að varðveita á pappír. Þá vekur það aukinheldur sérstaka athygli að ekkert prestakall hefur tilkynnt rafrænt gagnasafn til Þjóðskjalasafns. Sérstakt átak þarf því að eiga sér stað í varðveislu rafrænna gagna hjá prestaköllum. Það er t.d. hægt að gera með notkun skipulagðra rafrænna gagnasafna og tilkynningu þeirra til Þjóðskjalasafns.

2.3 Afhenda þarf eldri pappírsskjöl til varðveislu á Þjóðskjalasafn

Könnunin leiddi í ljós að um og að minnsta kosti 85 hillumetrar af pappírsskjölum eldri en 30 ára eru varðveitt í skjalasöfnum prestakalla. Afhendingartími þessara pappírsskjala er runninn upp en skv. 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn segir að afhenda skuli pappírsskjöl opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Því þurfa prestaköll að huga að frágangi þessara skjala í samræmi við reglur nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala og afhenda þau til Þjóðskjalasafns.

2.4. Kallað er eftir leiðbeiningum og ráðgjöf Þjóðskjalasafns

Könnunin leiddi í ljós að vöntun á fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn til prestakalla er mikil að mati prestakalla en 35 prestaköll, eða 74%, sögðu svo vera. Um leið sögðu einungis níu prestaköll, eða 19%, hafa stuðst við leiðbeiningar og reglur Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn og þá sögðust einungis tíu 10 prestaköll hafa leitað ráðgjafar eða verið í samskiptum við safnið. Ljóst er að Þjóðskjalasafn þarf að svara þessu kalli með auknum leiðbeiningum og ráðgjöf til prestakalla með það að markmiði að bæta skjalavörslu og skjalastjórn þeirra.

2.5 Varðveisla tölvupósts er verulega ábótavant

Langflest prestaköll varðveita ekki tölvupóst með fullnægjandi hætti. Þannig sögðust t.d. 38 prestaköll, eða 81%, varðveita tölvupóst í tölvupósthólfi. Einungis eitt prestakall, eða 2%, sagðist aftur á móti varðveita tölvupóst á pappír. Ekkert prestakall tilgreindi rafrænt gagnasafn sem varðveislustað tölvupósta. Varðveisla tölvupósta er því verulega ábótavant hjá prestaköllum og þarf að gera átak í þeim efnum t.d. með aukinn fræðslu og leiðbeiningum ásamt því að vekja athygli á reglum nr. 331/2020 um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila.


3. Úrvinnsla og niðurstöður

Þessi kafli greinir frá niðurstöðum könnunarinnar í einstökum liðum en hægt er að skoða spurningalistann í heild sinni í viðauka 1. Í töflum og myndum hér á eftir er miðað við heildartölu þeirra sem svöruðu hverri spurningu.

3.1 Upplýsingar um prestakall

Í fyrsta lið könnunarinnar voru almennar spurningar um prestakallið, umfang þess og skrifstofuhald. Þessar spurningar voru lagðar fyrir til að afla upplýsinga um stærð prestakalla og hvar skjöl verða til í starfsemi þess. Spurt var um heiti prestakalls (spurning 1) og fjölda sókna (spurning 2) sem tilheyra því. Einnig var spurt hvar skrifstofa sóknarprests væri (spurning 3) og þá var spurt hve margir prestar væru starfandi í prestakallinu (spurning 4) og hver heildarfjöldi starfsmanna væri ásamt prestum (spurning 5).

3.1.1 Hver er fjöldi sókna í prestakalli?




Svar	Fjöldi	%
1 sókn	16	34%
2 sóknir	8	17%
3 sóknir	6	13%
4 sóknir	4	9%
5 sóknir	8	17%
6 sóknir	3	6%
7 sóknir	1	2%
8 sóknir	1	2%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Sóknir eru félagslegar grunneiningar þjóðkirkjunnar sem samanstanda af söfnuðum skv. 6. gr. laga nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna. Ein sókn eða fleiri sóknir mynda prestakall sbr. starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 með síðari breytingum. Í hverju prestakalli situr sóknarprestur sem er skipaður til starfa af biskupi Íslands sbr. starfsreglur um presta nr. 1110/2011 með síðari breytingum.

Flest prestaköll sem tóku þátt í könnuninni eru mynduð af einungis einni sókn. Alls voru 34% (16 prestaköll) mynduð af einni sókn, 17% (8 prestaköll) af tveimur sóknum, 13% (6 prestaköll) eru samsett af þremur sóknum, 9% (4 prestaköll) af fjórum sóknum og 17% (8 prestaköll) af fimm sóknum. Þá voru samtals 10% (5 prestaköll) sem voru samsett af sex sóknum eða fleiri.


3.1.2 Hvar er skrifstofa sóknarprestis?



Svar	Fjöldi	%
Á skrifstofu prestakallsins	29	62%
Á prestsetri	12	26%
Annað	6	13%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Rúmlega tveir þriðju prestakalla sögðu að skrifstofa sóknarprestis væri á skrifstofu prestakallsins eða 62% (29 prestaköll). Tæpur fjórðungur prestakalla eða 26% (12 prestaköll) sagði hins vegar að skrifstofa sóknarprestis væri á prestsetri. Þá sögðu 13% (7 prestaköll) að skrifstofan væri á öðrum stað. Svarendur sem svöruðu því svo til voru spurðir nánar hvar skrifstofan væri og var svarið að hún væri einkum í kirkju, á heimili sóknarprestis, sem þó væri ekki prestssetur, eða í safnaðarheimili. Á það var einnig bent að skrifstofa sóknarprestis væri bæði á prestsetri og á skrifstofu prestakallsins.


3.1.3 Hver er fjöldi presta í prestakalli að sóknarpresti meðtöldum?



Svar	Fjöldi	%
Einn prestur	26	55%
Tveir prestar	13	28%
Þrír eða fleiri prestar	8	17%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Í rúmlega helmingi prestakalla eða 55% (26 prestaköll) er einungis einn prestur starfandi sem jafnframt er sóknarprestur. Tveir prestar eru starfandi í 28% prestakalla (13 prestaköll) og þá eru þrír prestar eða fleiri starfandi í 17% prestakalla (8 prestaköll).

3.1.4 Hver er heildarfjöldi starfsmanna í prestakalli að prestum meðtöldum?



Svar	Fjöldi	%
1-3	20	43%
4-6	14	30%
7 eða fleiri	13	28%
Alls	47	100%


Niðurstaða: Í innan við helmingi prestakalla eða 43% (20 prestaköll) eru starfandi 1-3 starfsmenn að prestum meðtöldum. Í 30% prestakalla (14 prestaköll) eru starfandi 4-6 starfsmenn á meðan 7 eða fleiri starfsmenn eru starfandi í 28% prestakalla (13 prestaköll). Geta má þess að alls 15 starfsmenn starfa í því prestakalli sem er með flesta starfsmenn.

3.2 Skjalavarsla og skjalastjórn

Í öðrum hluta könnunarinnar var spurt um atriði vegna skjalavörslu og skjalastjórnunar í prestaköllum og þá aðallega skráningu og utanumhald erinda eða mála sem berast til prestakalla. Samkvæmt 23. gr. laga um opinber skjalasöfn er afhendingarskyldum aðilum skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur.

Spurt var hvernig erindi berast til prestakalla (spurning 6), hvort að erindi væru skráð (spurning 7) og hvernig skráning þeirra fer fram (spurning 8). Þá var spurt hvort og hvernig erindi væru flokkuð í skjalasafni prestakallsins (spurning 10). Að lokum var spurt hvar tölvupóstur sem berst prestakallinu er varðveittur (spurning 11).

3.2.1 Hvernig berast erindi til prestakallsins?




Niðurstaða: Hægt var að merkja við alla fjóra svarmöguleika þegar þessari spurningu var svarað, enda geta erindi borist eftir fleiri en einni samskiptaleið til prestakalla. Meira en helmingur prestakalla fær erindi send með hefðbundnum bréfpósti eða 67% (26 prestaköll). Yfirgnæfandi meirihluti fær aftur á móti erindi til sín með tölvupósti eða 98% (46 prestaköll). Þá sögðu 87% (41 prestakall) að erindi bærust munnlega í símtali eða í heimsókn. Að lokum völdu 17% (8 prestaköll) valmöguleikann „annað“ sem gaf til kynna að erindi bærust með öðrum leiðum. Þessir svarendur voru beðnir um að tilgreina hvaða leiðir þetta voru og var einkum nefnt að erindi bærust í gegnum samfélagsmiðla á borð við Facebook og Messenger eða í gegnum smáskilaboð (SMS).

3.2.2 Eru erindi sem berast prestakallinu skráð?



Niðurstaða: Sjá kafla 3.2.3.

3.2.3 Hvernig eru erindi sem berast prestakallinu skráð?




Svar	Fjöldi	%
Í bréfadagbók	5	42%
Í rafræna málaskrá	0	0%
Annað	7	58%
Alls	12	100%

Niðurstaða: Mikill meirihluti, 70% (33 prestaköll), svaraði því að erindi sem bærast prestakalli væru ekki skráð. Á móti sögðu 25% (12 prestaköll) að erindi væru skráð og þá voru 4% (2 prestaköll) sem vissu ekki hvort að erindi væru skráð. Þau prestaköll sem sögðust skrá erindi voru spurð með hvaða hætti þau gera það og voru gefnir þrjú svarmöguleikar: „í bréfadagbók“, „í rafræna málaskrá“ og „annað“. 42% (5 prestaköll) sögðust skrá erindi í bréfadagbók en enginn kvaðst skrá erindi „í rafræna málaskrá“. Þá völdu 58% (7 prestaköll) valmöguleikann „annað“. Þeir sem völdu annað voru beðnir um að tilgreina hvernig erindi væru skráð og voru svörin fjölbreytt. Kom í ljós að flestir virtust skrá erindin í einhvers konar bréfadagbók á meðan sumir sögðust setja erindi í möppur.

Það veldur áhyggjum að skráning erinda hjá prestaköllum virðist í flestum tilvikum gerð með tilviljanakenndum hætti en ekki samræmdum samkvæmt reglum. Tryggja þarf skipulega skráningu mála og málsgagna og tryggja þannig að endurheimt mála og aðgengi að þeim sé í samræmi við lög.

3.2.4 Hvernig eru erindi flokkuð í prestakallinu?




Svar	Fjöldi	%
Í tímaröð	26	55%
Eftir sendendum	1	2%
Eftir málalykli	4	8%
Annað	16	34%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Meirihluti eða 55% (26 prestaköll) segjast flokka erindi sem berast prestakallinu eftir tímaröð, þ.e. í þeirri tímaröð sem þau berast. Lítil hluti segist flokka erindi eftir málalykli eða 8% (4 prestaköll) og 2% (1 prestaköll) eftir nafni sendanda. Tæpur þriðjungur eða 34% sagðist nota aðra aðferð við flokkun erinda en tilgreind voru í spurningalista. Þessir svarendur voru beðnir um að skýra aðferð sína nánar. Flestir sögðu að erindi væru ekki flokkuð sérstaklega og þá kom fram hjá einum svaranda að erindi væru flokkuð eftir málalflokkum.

Lykillinn að því að hægt sé að nálgast skjöl í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila er að skjöl séu skráð á kerfisbundin hátt og varðveisla þeirra sé þannig að skjölin séu aðgengileg þegar á þarf að halda, sbr. 23. laga um opinber skjalasöfn. Því er það áhyggjuefni að flokkun erinda, s.s. í tímaröð, er svo ábótavant hjá meirihluta prestakalla.

3.2.5 Hvar er tölvupóstur sem berst prestakallinu varðveittur?



Svar	Fjöldi	%
Á pappír	1	2%
Í tölvupósthólf	38	81%
Á sameiginlegu drifi	4	9%
Annað	4	9%
Alls	47	100%


Niðurstaða: Langflest prestaköll eða 81% (38 prestaköll) sögðust varðveita tölvupósta sem berast prestakallinu í tölvupósthólf. Einungis 9% (4 prestaköll) varðveita tölvupóst á sameiginlegu drifi og þá varðveita 2% (1 prestaköll) tölvupósta á pappír. Að auki sögðust 9% (4 prestaköll) varðveita tölvupóstinn með öðrum hætti. Þessir svarendur voru beðnir um að skýra nánar hvað í því fælist og var því m.a. svarað með þeim hætti að sumir tölvupóstar væru varðveittir en aðrir ekki og að tölvupóstar væru varðveittir í tölvu.

Varðveisla á tölvupósti í pósthólf telst ekki fullnægjandi varðveisla og því er áhyggjuefni að svo hátt hlutfall af svarendum varðveiti tölvupóst í pósthólfulum. Varðveisla tölvupósts er best tryggð með varðveislu í skipulögðum gagnasöfnum eða með varðveislu á pappír. Rétt er að nefna að í gildi eru reglur nr. 331/2020 um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila. Ekki er gerð krafa um að varðveita og skrá allan tölvupóst sem berst heldur einungis tölvupósta og fylgiskjöl þeirra sem varða mál með efnislegum hætti.

3.3 Rafræn skjalavarsla

Í þriðja hluta könnunarinnar var spurt um rafræna skjalavörslu hjá prestaköllum. Með rafrænni skjalavörslu er átt við notkun og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum og varðveislu rafrænna gagna. Spurt var hvort rafræn gögn mynduðust, bærust eða væri viðhaldið af prestakallinu vegna þeirra verkefna sem það sinnti (spurning 12). Í kjölfarið var spurt hvaða rafræna gögn þetta væru (spurning 13). Að lokum var spurt hvort að rafræn gögn væru prentuð út og varðveitt á pappír í skjalasafni prestakallsins (spurning 14).

3.3.1 Myndar, viðheldur eða berast prestakallinu rafræn gögn vegna þeirra verkefna sem það sinnir?




Svar	Fjöldi	%
Já	28	60%
Nei	7	15%
Veit ekki	9	19%
Annað	3	6%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Flest prestaköll eða 60% (28 prestaköll) sögðust mynda, viðhalda eða taka við rafrænum gögnum vegna verkefna prestakallsins. Þá sögðu 15% (7 prestaköll) ekki taka við, mynda eða viðhalda rafrænum gögnum. Einnig sögðu 19% (9 prestaköll) ekki vita hvort að þau myndi, viðhaldi eða tækju við rafrænum gögnum. Að lokum sögðu 6% (3 prestaköll) „Annað“ og útskýrðu svar sitt á þann veg að þeir skildu ekki

spurninguna og einnig að það færi eftir því hvert verkefnið væri hvort að rafræn gögn væru mynduð, þeim viðhaldið eða að tekið væri við þeim.

Það kemur verulega á óvart að sum prestaköll svari því til að þau myndi, viðhaldi eða taki ekki við rafrænum gögnum vegna verkefna sinna. Afhendingarskyldir aðilar í nútímasamfélagi eru nánast allir, ef ekki allir, með aðgang að tölvu og eru í samskiptum í gegnum tölvur, t.d. í gegnum tölvupóst. Þá vinna langflestir að verkefnum sínum í gegnum tölvur með vinnslu skjala á borð við ritvinnsluskjöl og töflureikniskjöl. Því verður að teljast afar ólíklegt að þau prestaköll fyrirfinnist sem myndi, viðhaldi eða taki ekki við rafrænum gögnum vegna verkefna prestakallsins.


3.3.2 Hvaða rafrænu gögn myndast, er viðhaldið og berast í prestakallinu?



Svar	Fjöldi	%
Tölvupóstur	28	100%
Ritvinnsluskjöl	15	54%
Töflureikniskjöl	12	43%
Annað	1	4%

Niðurstaða: Þau prestaköll sem sögðust mynda, viðhalda eða taka við rafrænum gögnum voru spurð um hvers konar rafræn gögn væri að ræða. Hægt var að merkja við „tölvupóst“, „ritvinnsluskjöl“ (t.d. Word skjöl) og „töflureikniskjöl“ (t.d. Excel skjöl). Einnig gátu svarendur valið að tilgreina „önnur rafræn gögn“ sem þeir voru beðnir um að gera grein fyrir. Allir sem svörðu (28 prestaköll) sögðu að prestakallið hefði tölvupóst í sinni vörslu. Ríflega helmingur eða 54% (15 prestaköll) er með textaskjöl í sinni vörslu og þá sögðust 43% (12 prestaköll) varðveita töflureikniskjöl. Einungis eitt prestakall svaraði því til að það varðveitti önnur rafræn gögn og tilgreindi í svari sínu að um væri að ræða gögn frá samskiptaforritinu Messenger.

3.3.3 Eru rafræn gögn prentuð út og varðveitt á pappír í skjalasafni prestakallsins?



Svar	Fjöldi	%
Já	4	9%
Nei	34	72%
Veit ekki	1	2%
Annað	8	17%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Langflestir svarenda sögðust ekki prenta út rafræn gögn og varðveita þau á pappír eða 72% (34 prestaköll). Einungis 9% (4 prestaköll) kváðust gera það og þá sögðu 2% (1 prestakall) ekki vita til þess. 17% svörðu hvorki já eða nei og völdu annað svar sem þeir skráðu niður. Skýringarnar voru fjölbreyttar. Sumir svörðu með þeirri skýringu að sumt væri prentað út en annað ekki og færi það eftir verkefnum. Fram kom í einu svari að hjónavígsluskýrslur væri ljósritaðar og varðveittar á pappír. Þá nefndu tveir svarendur að erindi sem ættu að berast til sóknarnefndar væru prentuð út og komið til nefndarinnar.


Þess má geta að ekkert prestakall hefur tilkynnt rafrænt gagnasafn til Þjóðskjalasafns skv. reglum nr. 877/2020 um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum. Því er varðveisla rafrænna gagna að stórum hluta ekki tryggð hjá prestaköllum og er það mikið áhyggjuefni.

3.4 Skjalaflokkar og skjöl í vörslu prestakalls

Skjalasafn hvers afhendingarskylds aðila samanstendur oftast af mörgum skjalaflokkum. Hver einstakur skjalaflokkur verður til við lausn þeirra verkefna sem afhendingarskyldum aðila er ætlað að vinna að, vegna sérstaks efnisinnihalds skjalanna sem unnið er með, notkunar þeirra eða forms.

Í fjórða hluta könnunarinnar var spurt um hvaða skjalaflokkar og skjöl þar að lútandi væru einkum varðveitt í skjalasöfnum prestakalla (spurning 15). Svarendum var gefinn kostur á að merkja við algenga skjalaflokka sem listaðir voru upp. Að auki var spurt hvort að í skjalasöfnum prestakalla væru varðveitt skjöl frá prófastsdæmi sem prestakallið tilheyrir (spurning 16) og þá hvaða skjöl (spurning 17).

3.4.1 Hvaða skjalaflokkar eru í skjalasafni prestakallsins?




Svar	Fjöldi	%
Fundargerðir	39	83%
Bréf	30	64%
Bréfdagbækur	6	13%
Prestþjónustubækur	45	96%
Líkræður	20	43%
Predikanir	18	38%
Skýrslur	26	55%
Vottorð	23	49%
Útgefið efni	16	34%
Ljósmyndir	22	47%
Annað	4	9%

Niðurstaða: Svarendur gátu merkt við algenga skjalaflokka á lista. Algengustu skjalaflokkarnir í skjalasöfnum prestakalla reyndust vera fundargerðir, bréf og prestsþjónustubækur. Flestir eða 96% (45 prestaköll) eru með skjalaflokkinn prestsþjónustubækur í skjalasafni sínu. Þá eru 83% (39 prestaköll) með skjalaflokkinn fundargerðir og 64% (30 prestaköll) með skjalaflokkinn bréf. Tæplega helmingur svarenda voru hins vegar með skjalaflokka eins og skýrslur (55%, 26 prestaköll), vottorð (49%, 23 prestaköll), ljósmyndir (47%, 22 prestaköll) og líkræður (43%, 20 prestaköll). Tæplega þriðjungur var með skjalaflokkana útgefið efni (34%, 16 prestaköll) og predikanir (38%, 18 prestaköll). Þá var einungis lítill hluti svarenda sem var með sérstakan skjalaflokk fyrir bréfadagbækur eða 13% (6 prestaköll). Svarendum var einnig gefinn kostur á að tilgreina aðra skjalaflokka og gerðu 9% það (4 prestaköll). Meðal þess sem var nefnt voru ársreikningar, skjöl tengd safnaðarstarfi og skjöl tengd prestsetri.

Það kemur á óvart að eitt prestakall er ekki með skjalaflokkinn prestsþjónustubækur í skjalasafni sínu en skv. 3. gr. starfsreglna um presta nr. 1110/2011 er presti skylt að færa embættisbækur á borð við prestþjónustubækur. Þá vekur athygli að minnihluti prestakalla er með skjalaflokka á borð við predikanir og líkræður en um er að ræða skjöl sem verða til vegna verkefna sem prestum er ætlað að sinna skv. erindisbréfi. Ljóst er því að skerpa þarf á því hvaða skjöl beri að varðveita í skjalasafninu.

3.4.2 Eru skjöl frá prófastsdæminu sem prestakallið tilheyrir í skjalasafni prestakallsins?



Svar	Fjöldi	%
Já	14	30%
Nei	28	59%
Veit ekki	5	11%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Ákveðið var að spyrja að því hvort í skjalasöfnum prestakalla væru varðveitt skjöl sem tilheyra prófastsdæmi. Ástæðan er sú að sumir sóknarprestar gegna einnig embætti prófests í sínu prófastsumdæmi og rækja því verkefni á vettvangi prófastsdæmisins jafnhliða störfum sóknarprests. 30% (14 prestaköll) sögðu að skjöl prófastsdæmis væru varðveitt í skjalasafni prestakallsins. Um 60% (28 prestaköll) sögðust ekki vera með skjöl prófastsdæmis og þá sögðu 11% (5 prestaköll) ekki vita til þess að slík skjöl væru í skjalasafninu. Svarendur sem sögðu að skjöl prófastsdæmis væru hjá prestakallinu voru beðnir um að tilgreina hvaða skjöl þetta væru. Svörin voru fjölbreytt, m.a. bréf, fundargerðir, skýrslur, bókhaldsgögn, gögn frá héraðsfundum og leiðarþingi og samþykktir.


3.5 Varðveisla og grisjun

Fjórði hluti könnunarinnar snerti á varðveislu og grisjun í skjalasafni prestakalla. Meginreglan í skjalastjórn og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila er sú að varðveita skjöl og upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir starfseminu og almenning. Huga þarf að grisjun og förgun skjala í starfsemi afhendingarskyldra aðila til að íþyngja ekki skjalasafninu með upplýsingum sem ekki skipta máli í starfseminni til lengri tíma. Með hugtakinu grisjun er átt við skipulega eyðingu úr skjalasafni afhendingarskylds aðila. Grisjun getur þó ekki farið fram nema með heimild þjóðskjalavardar, samkvæmt reglum sem Þjóðskjalasafn setur á grundvelli laga um opinber skjalasöfn

eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Þá er mikilvægt að tryggja varðveislu pappírsskjala í góðum skjalageymslum sem vernda skjölin fyrir eyðileggingu, breytingu eða óheimilum aðgangi.

Spurt var hvort að skjöl hafi verið grisjuð í skjalasöfnum prestakalla (spurning 18). Ef skjöl höfðu verið grisjuð var spurt hvort að grisjun hafi verið gerð samkvæmt heimild frá þjóðskjalaverði (spurning 19). Ef heimildin var ekki frá þjóðskjalaverði voru svarendur beðnir um að tilgreina hvaðan heimildin var fengin (spurning 20). Þá var spurt hvaða skjölum var eytt (spurning 21). Einnig var spurt hvort að svarendur vissu til þess að skjöl hefðu týnst, orðið fyrir skemmdum eða þeim hafi verið hent fyrir slysi (spurning 22). Ef slíkt hafði gerst var óskað nánari upplýsinga um hvaða skjöl það voru sem glötuðust (spurning 23). Að lokum var spurt um varðveislustað pappírsskjala í skjalasafni prestakalla (spurning 24).

3.5.1 Hafa skjöl úr skjalasafni prestakallsins verið grisjuð?




Svar	Fjöldi	%
Já	4	8%
Nei	31	65%
Veit ekki	12	27%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Drjúgur meirihluta svarenda, eða 66% (31 prestaköll), gaf það svar að skjöl hefðu ekki verið grisjuð í skjalasöfnum prestakalla. Þó voru 26% (12 prestaköll) sem sögðust ekki hafa vitneskju um grisjun. Um 9% (4 prestaköll) svöruð því hins vegar að grisjun hafi farið fram. Þessi fjögur prestaköll voru spurð hvort að grisjun hafi farið fram á grundvelli heimildar frá þjóðskjalaverði. Aðeins eitt prestakall svaraði því játandi. Einn sagði hins vegar að ekki hafi legið fyrir heimild fyrir grisjun, annar sagði skjölum hafi verið fargað vegna myglu og þá sagði einn að skjölum hafi verið eytt sökum þess að um væri að ræða persónuleg erindi sem ættu ekki að geymast. Þá var spurt hvaða skjöl það voru sem var eytt og svaraði einungis eitt prestakall og skýrði að eydd skjöl hafi verið skráningarblöð fermingarbarna.

Rétt er að áréttu að skv. 1. mgr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn má ekki ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila nema með samþykki þjóðskjalavarðar, samkvæmt reglum sem settar hafa verið á grundvelli laganna eða sérstaks lagaákvæðis.


3.5.2 Er vitað að skjöl hafi týnst, orðið fyrir skemmdum eða verið hent fyrir slysi?



Svar	Fjöldi	%
Já	1	2%
Nei	33	70%
Veit ekki	13	28%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Drjúgur meirihluti svarenda eða 70% (33 prestaköll) sagðist ekki vita til þess að skjöl hefðu týnst, orðið fyrir skemmdum eða verið hent fyrir slysi. Þá sögðust 28% (13 prestaköll) ekki hafa upplýsingar um að slíkt hafi átti sér stað. Einungis 2% (1 prestaköll) svaraði spurningunni játandi. Svarandi tilgreindi að um væri að ræða kirkjubækur sem hefðu ekki verið til staðar þegar sóknarprestur tók við prestakallinu eins og gera hefði mátt ráð fyrir.

3.5.3 Hvernig eru pappírsskjöl varðveitt?



Niðurstaða: Algengasti varðveislustaður pappírsskja í skjalasafni prestakalla er á skrifstofu sóknarprests eða 64% (30 prestaköll). Þá sögðu 43% (20 prestaköll) að pappírsskjöl væru varðveitt á skrifstofu prestakalls. Tæpur þriðjungur svarenda eða 30% (14 prestaköll) varðveitir einnig pappírsskjöl í kirkju. Fæstir varðveita hins vegar pappírsskjöl í geymslu á prestsetri eða 11% (5 prestaköll). Svarendum var gefinn kostur á að tilgreina annan varðveislustað ef hann væri fyrir hendi og völdu 11% (5 prestaköll) þann möguleika. Meðal þeirra staða sem tilgreindir voru var eldtraustur skápur, á skrifstofu kirkjuvarðar og þá var nefnt að skjöl væru varðveitt á héraðsskjalasafni og Þjóðskjalasafni. Einnig var nefnt að eitthvað af skjölum prestakalls væru í vörslu núverandi og fyrrverandi sóknarnefndarmanna.

Það er mikilvægt að hugað sé vel að varðveislu pappírsskjala og þau séu varðveitt í skjalageymslum sem uppfylla lágmarkskröfur um vernd skjalanna fyrir eyðileggingu, breytingu eða óleyfilegum aðgangi.


3.6 Afhendingar pappírsskjala til Þjóðskjalasafns Íslands

Í 15. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um skil á afhendingarskyldum pappírsskjölum til opinbers skjalasafns þegar þau eru orðin 30 ára gömul. Rafræn gögn á að afhenda þegar þau hafa náð fimm ára aldri. Mikilvægt er fyrir Þjóðskjalasafn að hafa yfirlit yfir umfang pappírsskjala hjá prestaköllum til að geta metið hve mikið magn pappírsskjala muni berast safninu á komandi árum og áratugum. Einnig skiptir mála hvaða skjöl það eru sem eru varðveitt hjá prestaköllum.

Spurt var um afhendingar á pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns Íslands. Spurt var hvort að prestaköll væru með pappírsskjöl eldri en 30 ára gömul (spurning 25) og í framhaldinu hvaða pappírsskjöl það væru (spurning 26). Einnig var spurt hvort að sóknarprestur eða prestakallið hafi afhent pappírsskjöl til Þjóðskjalasafns (spurning 27) og hvort að þau skjöl hafi verið yngri en 30 ára (spurning 28). Þá var spurt hvort að í skjalasafni prestakalls væru skjöl frá öðru prestakalli (spurning 29) og í framhaldinu hvaða skjöl það væru (spurning 30). Spurt var um hvort að áformað væri að skila pappírsskjölum eldri en 30 ára á næstu árum (spurning 31) og í framhaldinu

hvenær áætlað væri að skila skjölum sem væru eldri en 30 ára (spurning 32). Að lokum var spurt um umfang pappírsskjala í skjalasafni prestakalls, bæði þeirra sem væru eldri en 30 ára (spurning 33) og einnig var spurt um heildarumfang allra pappírsskjala (spurning 34).


3.6.1 Eru pappírsskjöl eldri en 30 ára í skjalasafni prestakallsins?



Svar	Fjöldi	%
Já	26	55%
Nei	11	23%
Veit ekki	10	21%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Ríflega helmingur svarenda eða 55% (26 prestaköll) sagði að í vörslu prestakallsins væru pappírsskjöl eldri en 30 ára. Tæplega 26% (11 prestaköll) sagði hins vegar svo ekki vera og þá sögðu 21% (10 prestaköll) ekki vita til þess að svo væri.


3.6.2 Hvaða pappírsskjöl eldri en 30 ára eru í skjalasafni prestakallsins?



Svar	Fjöldi	%
Fundargerðir	17	65%
Bréf	13	50%
Bréfdagbækur	3	12%
Prestsþjónustubækur	15	58%
Líkræður	4	15%
Predikanir	4	15%
Skýrslur	8	31%
Vottorð	3	12%
Útgefið efni	7	27%
Ljósmyndir	6	23%
Sóknarmanntöl	6	23%

Niðurstaða: Þau prestaköll sem sögðust vera með pappírsskjöl eldri en 30 ára í sínu skjalasafni voru spurð um hvaða skjöl það væru. Gefinn var upp listi með algengum skjalaflokkum. Algengasti skjalaflokkurinn reyndist vera fundargerðir en 65% (17 prestaköll) sögðust hafa slík skjöl í sinni vörslu. Aðrir algengir skjalaflokkar voru prestsþjónustubækur sem 58% (15 prestaköll) hafa í sinni vörslu og bréf sem 50% (13 prestaköll) eru með. Nokkuð af eldri skjölum eru skýrslur en 31% (8 prestaköll) svarenda sögðust hafa slík skjöl í sinni vörslu. Þá sögðust 27% (7 prestaköll) hafa útgefið efni í sinni vörslu og 23% (6 prestaköll) sögðust varðveita sóknarmanntöl. Færri reyndust vera með aðra skjalaflokka. Einungis 15% (4 prestaköll) höfðu í sinni vörslu líkræður og predikanir og 12% (3 prestaköll) vottorð og bréfadagbækur.


3.6.3 Hefur sóknarprestur eða prestakallið afhent pappírsskjöl samkvæmt lögum og reglum til Þjóðskjalasafns?



Svar	Fjöldi	%
Já	25	53%
Nei	10	21%
Veit ekki	12	26%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Sjá kafla 3.6.4.


3.6.4 Hefur prestakallið afhent pappírsskjöl sem eru eldri en 30 ára gömul?



Svar	Fjöldi	%
Já	13	52%
Nei	4	16%
Veit ekki	8	32%
Alls	25	100%

Niðurstaða: Helmingur svarenda hafði afhent Þjóðskjalasafni Íslands pappírsskjöl úr skjalasafni sínu eða 53% (25 prestaköll). Um 21% (10 prestaköll) höfðu ekki afhent skjöl og þá var tæpur fjórðungur eða 26% (12 prestaköll) sem vissi ekki til þess. Þeir sem höfðu afhent skjöl voru spurðir hvort að aldur skjalanna væri yfir 30 ár. Ríflega helmingur eða 52% (13 prestaköll) sögðu svo vera á meðan 16% (4 prestaköll) sögðu gögnin yngri. Um þriðjungur eða 32% (8 prestaköll) vissi ekki um aldur skjalanna sem afhent voru.


3.6.5 Hefur prestakallið í sinni vörslu skjöl frá öðru prestakalli?



Svar	Fjöldi	%
Já	5	11%
Nei	38	81%
Veit ekki	4	9%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Drjúgur meirihluti svaraði því neitandi að í skjalasöfnum prestakallsins væru skjöl frá öðrum prestaköllum eða 81% (38 prestaköll). Einungis 11% (5 prestaköll) sagði þó svo vera. Svipað hlutfall eða 9% (4 prestaköll) sögðust ekki vita hvort að í skjalasafninu væru skjöl frá öðrum prestaköllum.

3.6.6 Er áætlað að skila skjölum eldri en 30 ára á næstu árum?




Svar	Fjöldi	%
Já	22	47%
Nei	4	8%
Veit ekki	21	45%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Tæplega helmingur svarenda hefur í hyggju að skila skjölum eldri en 30 ára á næstu árum eða 47% (22 prestaköll) á meðan hinn helmingurinn eða 45% (21 prestaköll) veit ekki hvort að slíkt muni komast í framkvæmd. Þá hefur minnihluti ekki í hyggju að skila eða 9% (4 prestaköll). Þeir sem hyggjast ekki skila voru beðnir um að tilgreina ástæðurnar fyrir því. Meðal svara voru að skil færu fram þegar prestsþjónustubækur væru útfylltar og endurnýjaðar og að skil færu fram þegar verklag og skipulag vegna skila lægi fyrir.

Rétt er að benda á að afhendingarskyldum aðilum ber skylda til að afhenda pappírsskjöl sem orðin eru 30 ára gömul sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn. Er þá miðað við síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls. Þegar skrár eru annars vegar reiknast ársfresturinn frá lokum þess árs þegar síðast var fært inn í skrána.

3.6.7 Hvert er umfang pappírsskjala í skjalasafni prestakalls?



Svar	Hm.	%
Skjöl eldri en 30 ára	85	73%
Skjöl yngri en 30 ára	31	27%
Alls hillumetrar	116	100%


Niðurstaða: Alls svöruðu 45 prestaköll spurningu um hvert umfang pappírsskjala væri. Í heild eru varðveittir 116 hillumetrar hjá þessum prestaköllum. Við þessar tölur verður að setja fyrirvara þar sem um grófa áætlun er að ræða. Sumir svarendur sögðu að hjá þeim væru tugir ef ekki hundruðir hillumetra af skjölum. Sökum þess hversu ónákvæmar tölurnar voru miðað við stærð og íbúafjölda í prestaköllum var ekki hægt að taka þær með í töflu um heildarhillumetra sem hér er birtur. Að meðaltali eru því um 2,6 hillumetrar pappírsskjala hjá hverju prestakalli. Þá má geta þess að 33% (23 prestaköll) núverandi prestakalla svöruðu ekki könnuninni og því má áætla að mun fleiri hillumetrar en könnunin gefur til kynna séu í vörslu prestakalla. Sé tekið mið af því meðaltali sem könnunin leiddi í ljós og það margfaldað með heildarfjölda prestakalla þjóðkirkjunnar kemur í ljós að minnst 182 hillumetrar af skjölum eru í varðveislu hjá prestaköllum.

3.7 Reglur og leiðbeiningar

Þjóðskjalasafn Íslands er samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn framkvæmdaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar á Íslandi. Í því felst m.a. að setja reglur um skjalavörslu og skjalastjórn og veita leiðbeiningar í þeim efnum til afhendingarskyldra aðila.

Í sjöunda hluta könnunarinnar var spurt um reglur og leiðbeiningar Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn. Spurt var hvort að prestakallið hafi stuðst við leiðbeiningar og reglur Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn (spurning 35) og hvort að leitað hafi verið til Þjóðskjalasafns um ráðgjöf í skjalamálum (spurning 36). Þá var spurt hvort að vöntun væri á fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn (spurning 37) og í framhaldinu var spurt hvers konar fræðslu ætti að bjóða upp á (spurning 38).


3.7.1 Hefur prestakallið stuðst við leiðbeiningar og reglur Þjóðskjalasafns varðandi skjalavörslu og skjalastjórn?



Svar	Fjöldi	%
Já	9	19%
Nei	18	38%
Veit ekki	20	43%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Alls voru 38% prestakalla (18 prestaköll) sem ekki höfðu stuðst við leiðbeiningar og reglur Þjóðskjalasafns varðandi skjalavörslu og skjalastjórn. Þó voru flestir eða 43% (20 prestaköll) sem vissu ekki til þess að stuðst hefði verið við leiðbeiningar og reglur Þjóðskjalasafns. Aftur á móti voru 19% (9 prestaköll) sem höfðu stuðst við reglur og leiðbeiningar Þjóðskjalasafns.


3.7.2 Hefur prestakallið leitað ráðgjafar eða verið í samskiptum við Þjóðskjalasafn vegna skjalavörslu og skjalastjórnar?



Svar	Fjöldi	%
Já	10	21%
Nei	28	60%
Veit ekki	9	19%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Meirihluti eða 60% (28 prestaköll) hefur ekki leitað ráðgjafar eða verið í samskiptum við Þjóðskjalasafn vegna skjalavörslu og skjalastjórnar. Það hafa hins vegar 21% (10 prestaköll) gert. Þá hafa 19% (9 prestaköll) ekki vitneskju um það hvort að leitað hafi verið eftir ráðgjöf frá Þjóðskjalasafni vegna skjalavörslu og skjalastjórnar.

3.7.3 Finnst þér vanta fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn til prestakalla?



Svar	Fjöldi	%
Já	35	74%
Nei	4	9%
Veit ekki	8	17%
Alls	47	100%

Niðurstaða: Langflest prestaköll eða 74% (35 prestaköll) telja að fræðslu vanti um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla. Færri telja ekki frekari þörf á slíkri fræðslu eða 9% (4 prestaköll). Þá höfðu 17% ekki skoðun á því hvort að fræðslan væri nægileg.

Þeir sem svöruðu játandi voru beðnir að tilgreina fyrir hvers konar fræðslu væri þörf. Fjölbreytt svör bárust með góðum ábendingum um hvað þyrfti að leggja áherslu á í fræðslu um skjalahald prestakalla. Langflestir nefndu að almenna fræðslu vantaði um þær kröfur sem gerðar væru í sambandi við skjalavörslu og skjalastjórn. Einkum var bent á að útvega þyrfti leiðbeiningar um varðveislu skjala og einnig hvaða skjöl ætti að varðveita. Nokkrir nefndu sérstaklega leiðbeiningar í sambandi við rafræn gögn og hvernig ætti að fara með þau. Þá var þess óskað að almenn fræðsla yrði með reglulegum hætti, t.d. fyrir nýja presta.

Fræðsluefni og námskeið Þjóðskjalsafns eru í stöðugri þróun og munu ábendingar sem komu fram í könnunni nýtast til að bæta þau. Auk þess verður unnið að sérstöku fræðsluefni fyrir prestaköll út frá niðurstöðum þessarar eftirlitskönnunar.

Viðaukar

Viðauki 1 – Spurningalisti Þjóðskjalasafns um skjalasöfn prestakalla

Eftirlitskönnun á skjalasöfnum prestakalla þjóðkirkjunnar

Upplýsingar um prestakallið

1. Hvert er heiti prestakalls?

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2. Hver er fjöldi sókna í prestakalli?

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

3. Hvar er skrifstofa sóknarprestis?

- Á skrifstofu prestakallsins
- Á prestssetri
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

4. Hver er fjöldi presta í prestakalli að sóknarpresti meðtöldum?

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

5. Hver er heildarfjöldi starfsmanna í prestakalli að prestum meðtöldum?

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

Upplýsingar um skjalavörslu og skjalastjórn prestakallsins

6. Hvernig berast erindi til prestakallsins?

Veldu allt sem við á:

- Með bréfpósti
- Með tölvupósti
- Munnlega í símtali eða í heimsókn
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

7. Eru erindi sem berast prestakallinu skráð?

- Já
- Nei
- Veit ekki

9. Hvernig eru upplýsingar um erindi skráð?

- Í bréfadagbók
- Í rafræna málaskrá
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

10. Hvernig eru erindi flokkuð í prestakallinu?

- Í tímaröð
- Eftir sendendum
- Eftir málalykli
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

11. Hvar er tölvupóstur sem berst prestakallinu varðveittur?

- Á pappír
- Í pósthólfi
- Á sameiginlegu tölvudrifi
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

Upplýsingar um rafræna skjalavörslu

12. Myndar eða viðheldur prestakallið eða berast því rafræn gögn vegna verkefna sem það sinnir?

- Já
- Nei
- Veit ekki

13. Hvaða rafrænu gögn eru það sem prestakallið myndar eða viðheldur eða sem því berst?

Veldu allt sem við á:

- Tölvupóstur
- Ritvinnsluskjöl
- Töflureikniskjöl (t.d. Excel skjöl)
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

14. Eru rafræn gögn prentuð út og varðveitt á pappír í skjalasafni prestakallsins?

- Já
- Nei
- Veit ekki

Upplýsingar um skjalaflokka og skjöl prestakalla

15. Hvaða skjalaflokkar eru í skjalasafni prestakallsins?

Veldu allt sem við á:

- Fundargerðir
- Bréf
- Bréfadagbækur
- Prestþjónustubækur
- Líkræður
- Predikanir
- Skýrslur (t.d. vegna stjórnslu þjóðkirkjunnar)
- Vottorð
- Útgefið efni
- Ljósmyndir
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

16. Eru skjöl frá prófastdæmi sem prestakallið tilheyrir í skjalasafni prestakallsins?

- Já
- Nei
- Veit ekki

17. Hvaða skjöl tilheyra skjalasafni prestakallsins?

Skrifaðu svar þitt hér:

Upplýsingar um grisjun og varðveislu

18. Hafa verið grisjuð skjöl úr skjalasafni prestakallsins?

- Já
- Nei
- Veit ekki

19. Voru skjölin grisjuð samkvæmt heimild þjóðskjalavarðar?

- Já
- Nei
- Veit ekki

20. Ef skjöl voru ekki grisjuð samkvæmt heimild þjóðskjalavarðar, vinsamlegast tilgreinið hvaðan heimildin var fengin, t.d. ákvæði í lögum, reglugerð eða reglum?

Skrifaðu svar þitt hér:

21. Hvaða skjölum var eytt?

Skrifaðu svar þitt hér:

22. Er vitað að skjöl hafi týnst, orðið fyrir skemmdum eða verið hent fyrir slysi?

- Já
- Nei
- Veit ekki

23. Hvaða skjöl glötuðust?

Skrifaðu svar þitt hér:

24. Hvernig eru pappírsskjöl (þ.m.t. embættisbækur og annað sem tilheyrir skjalsafni prestakalls) varðveitt?

Veldu allt sem við á:

- Á skrifstofu prestakalls
- Á skrifstofu sóknarprests
- Í geymslu á prestssetri
- Í kirkju
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

Upplýsingar um afhendingar pappírskjala til Þjóðskjalasafns Íslands

25. eru pappírsskjöl eldri en 30 ára í skjalasafni prestakallsins?

- Já
- Nei
- Veit ekki

26. Hvaða pappírsskjöl eldri en 30 ára eru í skjalasafni prestakallsins?

Veldu allt sem við á:

- Fundargerðir
- Bréf
- Bréfadagbækur
- Prestþjónustubækur
- Líkræður
- Predikanir
- Skýrslur (t.d. vegna stjórnslu þjóðkirkjunnar)
- Vottorð
- Útgefið efni
- Ljósmyndir
- Annað [upplýsingar um annað skráð í reit]

27. Hefur sóknarprestur eða prestakallið afhent pappírsskjöl samkvæmt lögum og reglum til Þjóðskjalasafns?

- Já
- Nei
- Veit ekki

28. Hefur sóknarprestur eða prestakallaði afhent pappírsskjöl til Þjóðskjalasafns sem eru yngri en 30 ára?

- Já
- Nei
- Veit ekki

29. Hefur prestakallið í sinni vörslu skjöl frá öðru prestakalli?

- Já
- Nei
- Veit ekki

30. Hvaða skjöl og frá hvaða prestakalli eru skjölin?

Skrifaðu svar þitt hér:

31. Er áætlað að skila skjölum eldri en 30 ára á næstu árum?

- Já
- Nei
- Veit ekki

32. Hvenær er áætlað að skila skjölum sem eru eldri en 30 ára gömul?

Skrifaðu svar þitt hér:

33. Hvert er umfang skjala eldri en 30 ára í skjalsafni prestakalls?

Skrifaðu svar þitt hér:

34. Hvert er umfang allra skjala í skjalasafni prestakallsins?

Skrifaðu svar þitt hér:

Upplýsingar um reglur og leiðbeiningar

35. Hefur prestakallið stuðst við leiðbeiningar og reglur Þjóðskjalasafns varðandi skjalavörslu og skjalastjórn?

- Já
- Nei
- Veit ekki

36. Hefur prestakallið leitað ráðgjafar eða verið í samskiptum við Þjóðskjalasafn vegna skjalavörslu og skjalastjórnar?

- Já
- Nei
- Veit ekki

37. Finnst þér vanta fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn til prestakalla?

- Já
- Nei
- Veit ekki

38. Hvers konar fræðslu finnst þér vanta?

Skrifaðu svar þitt hér:

Um könnunina

39. Hefur þú einhverjar athugasemdir varðandi könnunina eða er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

Skrifaðu svar þitt hér:

Viðauki 2 – Bréf til prestakalla

Heiðar Lind Hansson

Frá : Heiðar Lind Hansson
BCC : Prestaköll
Heiti : Könnun um skjalavörslu í prestaköllum - samstarf Þjóðskjalasafns Íslands og Biskupsstofu
Málsnúmer. : 1912050
Málsaðili : Biskupsstofa
Skráð dags : 7.1.2021 16:12:00
Höfundur : Heiðar Lind Hansson

Ágæti viðtakandi,

Þjóðskjalasafn Íslands og Biskupsstofa hafa verið í samstarfi undanfarið ár varðandi skjalasöfn prestakalla innan vébanda þjóðkirkjunnar. Prestaköll, sem hluti þjóðkirkjunnar, falla undir lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og eru því afhendingarskyld með skjöl sem verða til, hafa borist eða hafa verið viðhaldið í starfseminni til Þjóðskjalasafns.

Markmið samstarfsins er m.a. að efla ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla og afhendingu skjala til langtímavarðveislu á Þjóðskjalasafnið. Liður í því er upplýsingaöflun um stöðu skjalavörslu og skjalastjórnar hjá prestaköllum sem nýtt verður við gerð leiðbeiningaefnis og skipulagningu ráðgjafar til prestakalla.

Þjóðskjalasafn mun því framkvæma rafræna spurningakönnun um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla dagana 11. - 27. janúar nk. Hlekkur inn á könnunina verður sendur í tölvupósti til sóknarpresta mánudaginn 11. janúar nk. og verður könnunin opin til og með miðvikudagsins 27. janúar nk.

Umsjón með könnuninni hefur Heiðar Lind Hansson skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands (s. 590 3300 - heidar.l.hansson@skjalasafn.is).

Með kveðju,

Heiðar Lind Hansson, skjalavörður, skjala- og upplýsingasvið

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegur 162, 105 Reykjavík

Sími 590 3300

Heiðar Lind Hansson

Frá : Heiðar Lind Hansson
BCC : Prestaköll
Heiti : Upphaf könnunar um skjalavörslu í prestaköllum frestast til miðvikudagsins 13. janúar
Málsnúmer. : 1912050
Málsaðili : Biskupsstofa
Skráð dags : 11.1.2021 14:29:00
Höfundur : Heiðar Lind Hansson

Góðan daginn,

Áætlað var að rafræn spurningakönnun Þjóðskjalasafns, sem kynnt var í tölvupósti 7. janúar sl., um skjalavörslu prestkalla ætti að hefjast í dag 11. janúar. Því miður frestast upphaf könnunarinnar til miðvikudagsins 13. janúar.

Með kveðju,

Heiðar Lind Hansson, skjalavörður, skjala- og upplýsingasvið

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegur 162, 105 Reykjavík

Sími 590 3300

heidar.l.hansson@skjalasafn.is - www.skjalasafn.is

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <https://skjalasafn.is/disclaimer>

Árni Jóhannsson

Til : Heiðar Lind Hansson THSK <heidar.l.hansson@skjalasafn.is>
Frá : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>
Heiti : Boð um að taka þátt í könnun
Málsnúmer. : 1912050
Málsaðili : Biskupsstofa
Skráð dags : 13.1.2021 13:14:25
Höfundur : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>

Athugasemdir

[Upphafi könnunar um skjalavörslu í prestaköllum frestast til 13. janúar 11.1.2021.pdf](#)

[Könnun um skjalavörslu í prestaköllum 7.1.2021.pdf](#)

Kæri viðtakandi

Þjóðskjalasafn Íslands sendi tölvupóst til sóknarpresta, sem er að finna í viðhengi, er varðar könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalasöfnum prestakalla innan vébanda Þjóðkirkjunnar. Könnunin er liður í upplýsingaöflun vegna gerðar leiðbeiningaefnis og skipulagningu ráðgjafar um skjalavörslu og skjalastjórn til prestakalla en það er meginmarkmið samstarfs Þjóðskjalasafns og Biskupsstofu um skjalasöfn prestakalla sem nú stendur yfir.

Til stóð að könnunin hæfist mánudaginn 11. janúar en með tölvupósti sama dag, sem er að finna í viðhengi, var upphafi hennar frestað til dagsins í dag, miðvikudagsins 13. janúar. Hún hefst því hér með. Er farið fram á að sóknarprestar sem ábyrgðaraðila skjalavörslu og skjalastjórnar í prestakalli svari könnuninni eigi síðar en miðvikudaginn 27. janúar næstkomandi.

Könnunin er sett fram í átta liðum og er spurt um atriði er varða skjalavörslu prestakalla. Skylt er að svara öllum spurningum sem birtast þeim er svarar.

Hægt er að vista könnunina og halda áfram síðar ef það þarf að afla sér upplýsinga um svör sem þarf að veita. Vert er að benda á það að vista í hvert skipti sem frá þarf að hverfa því annars er hætt á að svör sem hafa verið gefin tapist. Rétt er að hafa í huga að hér er um að ræða upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Í lok könnunarinnar er þátttakendum boðið að prenta út svörin sín og er mælt með því að það sé gert ef það þarf að vísa í svör prestakallsins síðar meir.

Könnunin heitir: "Könnun um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla"

Til að svara könnuninni, vinsamlegast smelltu á hlekkinn hér til

hliðar: <http://konnun.skjalasafn.is/index.php/458168?token=WGTlQg21WDUehJe&lang=is>

Virðangarfyllst,

Heiðar Lind Hansson, skjalavörður, skjala- og upplýsingasvið

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegur 162, 105 Reykjavík

Sími 590 3300

heidar.l.hansson@skjalasafn.is - www.skjalasafn.is

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <https://skjalasafn.is/disclaimer>

Árni Jóhannsson

Til : Heiðar Lind Hansson ? THSK <heidar.l.hansson@skjalasafn.is>
Frá : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>
Heiti : Áminning um þáttöku í könnun
Málsnúmer. : 1912050
Málsaðili : Biskupsstofa
Skráð dags : 26.1.2021 14:17:49
Höfundur : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>

Ágæti viðtakandi,

Nýlega buðum við þér að taka þátt í könnun vegna skjalavörslu prestakalla á vegum Þjóðskjalasafns Íslands.

Við höfum tekið eftir að þú hefur ekki lokið könnuninni, og viljum árétta að könnunin er enn til staðar þannig að enn er hægt að taka þátt. Rétt er að hafa í huga að hér er um að ræða upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Könnun verður opin til miðvikudagsins 3. febrúar nk.

Könnunin heitir:
"Könnun um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla"

Til að taka þátt, vinsamlegast smelltu á hlekkinn hér fyrir neðan.

Smelltu hér til að svara könnun:
<http://konnun.skjalasafn.is/index.php/458168?token=WGTIQg21WDUehJe&lang=is>

Virðingarfyllst,
Heiðar Lind Hansson, skjalavörður, skjala- og upplýsingasvið
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegur 162, 105 Reykjavík
Sími 590 3300
heidar.l.hansson@skjalasafn.is - www.skjalasafn.is

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <https://skjalasafn.is/disclaimer>

Viðauki 3 – Listi yfir þau prestaköll sem könnunin náði yfir

Prestaköll sem svöruðu könnuninni

Árbæjarprestakall
Árborgarprestakall
Bjarnarnesprestakall
Borgarprestakall
Breiðabólstaðarprestakall í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
Breiðabólstaðarprestakall
Breiðholtsprestakall
Dalvíkurprestakall
Digranes- og Hjallaprestakall
Fossvogsprestakall
Garða- og Saurbæjarprestakall
Glaumbæjarprestakall
Glerárprestakall
Grafarholtsprestakall
Grenjaðarstaðarprestakall
Grindavíkurprestakall
Hafnarfjarðarprestakall
Hallgrímsprestakall
Höfprestakall
Hrunaprestakall
Kársnesprestakall
Kirkjubæjarklaustursprestakall
Laufásprestakall
Laugardalsprestakall
Lindaprestakall
Melstaðarprestakall
Mosfellsprestakall
Nesprestakall
Njarðvíkurprestakall
Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall
Patreksfjarðarprestakall
Reynivallaprestakall
Sauðárkróksprestakall
Seljaprestakall
Seltjarnarnesprestakall
Setbergsprestakall
Siglufjarðarprestakall
Skagastrandarprestakall
Skútustaðaprestakall
Stykkishólmsprestakall
Þingeyrarklaustursprestakall
Þorlákshafnarprestakall
Tjarnaprestakall
Útskálaprestakall
Vestmannaeyjaprestakall

Víðistaðaprestakall
Víkurstakall

Prestaköll sem svöruðu ekki könnuninni

Akureyrar- og Laugalandsprestakall
Austfjarðaprestakall
Breiðafjarðar- og Strandaprestakall
Dalaprestakall
Dómkirkjuprestakall
Egilsstaðaprestakall
Fellsmúluprestakall
Garðaprestakall
Grafarvogsprestakall
Háteigsprestakall
Hofsóss- og Hóluprestakall
Húsavíkuprestakall
Hveragerðisprestakall
Ísafjarðarprestakall
Keflavíkuprestakall
Langaness- og Skinnastaðarprestakall
Miklabæjarprestakall
Oddaprestakall
Ólafsfjarðarprestakall
Reykholtsprestakall
Skálholtsprestakall
Staðastaðarprestakall
Stafholtsprestakall



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Október 2021